Bakkahvammur hses.
Stjórnarfundur

Fimmtudaginn 15. september 2022 var haldinn stjórnarfundur Bakkahvamms hses. í fjarfundi og hófst hann kl.12:00.

Mættir voru: Einar Jón Geirsson, Skúli Hreinn Guðbjörnsson, Eyjólfur Ingvi Bjarnason og Garðar Freyr Vilhjálmsson.

Einnig sat fundinn Jóhanna María Sigmundsdóttir verkefnastjóri hjá Dalabyggð sem jafnframt ritar fundargerð.

Einar Jón stjórnar fundi.

Gengið er til dagskrár:

1. **Erindi til byggðarráðs Dalabyggðar vegna framkvæmda 2022**

   Stjórn Bakkahvamms hses. óskar eftir því við byggðarráð að Dalabyggð leggi til 40.000.000 kr.- til Bakkahvamms að láni til skamms tíma, vegna framkvæmda að Bakkahvammi 15 þar sem verið er að reisa almennar íbúðir fyrir tekju- og eignalága. Bakkahvammur hses. mun greiða upphæðina til baka þegar framkvæmdalán til stofnunarinnar gengur í gegn.

   Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.12:05